



Námskeiðið *Netið okkar* er ókeypis og opið öllum en einkum ætlað skólafólki, foreldrum og öðrum sem koma að uppeldi og menntun ungmenna. Það er sjálfstætt framhald námskeiðsins *Netið mitt* sem var í boði á vormisseri 2017 en þá var fjallað um borgaravitund og lýðræði, sjálfsmynd og netorðspor, réttindi og ábyrgð, andlega og líkamlega heilsu og vellíðan. Á námskeiðinu *Netið okkar* verður fjallað um siðareglur og netvenjur, samskipti og sambönd, netöryggi og læsi og samfélagsþátttöku.

Meginmarkmið námskeiðanna beggja er að stuðla að aukinni stafrænni borgaravitund ungmenna, það er að þau verndi og beri virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum í stafrænum heimi, stundi örugga netnotkun og nýti miðla og nýja tækni með ábyrgum og skapandi hætti.

Í byrjun námskeiðsins *Netið okkar* verður staðlota og einnig í lok námskeiðs en að öðru leyti verður það á netinu. Boðið verður upp á nokkrar **vefmálstofur í rauntíma sem verða á fimmtudögum kl. 16:15-17:15**. Tækifæri verða gefin til umræðu og skoðuð verða verkefni sem tengjast daglegu lífi, uppeldi og kennslu og þátttakendur hvattir til að deila hugmyndum og reynslu um áskoranir og álitamál, námsefni og kennsluhætti.

Vinsamlegast smelltu hér til að skrá þátttöku í staðlotu

Frekari upplýsingar um netnámskeiðið eru hér.

Deildu þessu með vinum:

Facebook

Netið okkar: Opið netnámskeið um stafræna borgaravitund

Reddit

Twitter

Google

Pinterest